

nýir bílar

MÁNUDAGUR 28. FEBRÚAR 2011 | KYNNING



Sölustjórnir Rúnar Bridde og Bjarni Þórarinn Sigurðsson eru sérlega ánægðir með hvernig árið hefur byrjað. Þeir gátu ekki á sér setið og lyftu af því telfni félaga sínum Karl S. Óskarssyni sem hafði gaman af.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



● **1.500 GESTIR Á EINNI HELGI OG 27% MARK-ADSHLUTDEILD** Starfsfólk B&L og Ingvars Helgasonar er afar ánægt með hlutdeild sína það sem af er árinu. „Við höfum haldið þrjár sýningar og fengið þúsundir viðskiptavina til að koma og skoða nýju bílana sem við höfum verið að kynna. Salan það sem af er ári hefur svo til eingöngu verið til einstaklinga og eftirspurnin verið stöðug og jöfn,“ segir Loftur Ágústsson, markaðsstjóri umboðsins.

Eftir stendur að fyrirtækið er komið með rúmlega 16% hlutdeild það sem af er árinu og 27% markaðshlutdeild það sem liðið er af febrúar.

● **HAGSTÆÐ KJÖR Á BÍLALÁNUM** Núna standa viðskiptavinum til boða óverðtryggð lán sem bera undir 9% fasta vesti og hafa kjör á óverðtryggðum lánum ekki verið hagstæðari í langan tíma. Viðskiptavinir sem taka lán núna geta líka treyst því að afborganirnar verða nokkuð stöðugar og sveiflast ekki óeðlilega mikið upp þótt verðbólga hækki tíma-bundið. Lánslyftfall getur almennt ekki orðið hærra en sem nemur 70% af verði bílsins.

Erum bjartsýn á framhaldið

Bílamarkaðurinn á Íslandi er að taka við sér. Sölustjórar Ingvars Helgasonar og B&L finna fyrir meiri bjartsýni enda vorið handan við hornið.

„Já, við erum bara bjartsýnir á það sem er fram undan“ segja sölustjórar Ingvars Helgasonar og B&L, í stuttu spjalli um horfurnar hjá Ingvari Helgasyni og B&L. „Við erum búnir að ganga frá samningum um sölu á rúmlega 400 bílum til bílaleiga og höfum á undanförn-

um vikum kynnt margar gerðir af nýjum bílum í öllum stærðar- og verðflokkum. Viðbrögðin hafa verið mjög góð frá viðskiptavinum sem vilja nýta sér gott verð á bílum, sem lækkaði um áramót, og hagstæð kjör á bílalanum sem nú bjóðast. Þar að auki hafa framleiðendur okkar flestir sýnt ástandinu skilning með því að bjóða okkur gott verð sem við getum með vissu sagt að sé með því hagstæðasta sem er í boði,“ segir Rúnar H. Bridde, sölustjóri Nissan og Subaru, og þeir Bjarni Þ. Sigurðsson,

sölustjóri Hyundai og Renault, og Karl S. Óskarsson, sölustjóri BMW og Land Rover, taka undir.

Vörugjaldabreytingarnar sem urðu um áramót gerðu umboðunum kleyft að lækka verð umtalsvert á mörgum bílum, meðal annars vinsælum lúxusbílum svo sem BMW. Þetta er vegna afar lágra CO2-gilda í útblæstri bílanna.

„Við erum líka stolt og ánægð yfir að hafa komist í gegnum versta ástandið. Við áttum okkar erfiðu tíma þegar við þurftum að segja upp mörgu góðu starfsfólki til að

komast í gegnum erfiðustu skaplana, en í dag er fólkið okkar fullt af anda uppbyggingar og tilbúið til að leggja mikið á sig til að koma verkefnum í farveg og veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu,“ segir Bjarni. „Margir hafa átt erfið en nú horfir til betri vegar og við finnum fyrir meiri bjartsýni, enda vorið rétt handan við hornið,“ bætir Karl við að lokum.



ENNEM / SIA / NH4555





Way of Life!

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

Sjálfskiptur eða beinskíptur – hvað hentar þér best?



LÆKKAD VERÐ
Verð frá kr. 2.380.000

**Metsölubíllinn
SUZUKI SWIFT**



LÆKKAD VERÐ
Verð frá kr. 2.250.000


**Borgarbíllinn
SUZUKI SPLASH**



LÆKKAD VERÐ
Verð frá kr. 1.790.000

**Sparibaukurinn
SUZUKI ALTO**

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR



SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf Feb. 2011



Þorbergur segir von á Grand Vitara með stærri vél og lengri og sparneytnari Suzuki Swift.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fólk hugsar sig betur um

Sparneytnir fólkabílar þykja eftirsóknarverðir í dag og hjá Suzuki fást þeir í nokkrum gerðum.

Sparneytni hefur löngum verið eitt af aðalsmerkjum Suzuki-bíla sem þykir aðlaðandi kostur nú þegar bensínverð nær sífellt nýjum hæðum. Þorbergur Guðmundsson, sölustjóri Suzuki bíla, segir sölnuna heldur rólega en að hún sé þó talsvert að aukast. „Fólk á bílana sína lengur nú en áður og hugsar sig betur um sem er eðlilegt í svona árferði.“

Fólkabílaflota Suzuki tilheyrir nokkrar gerðir. Suzuki Alto er fjögurra manna nettur og sparneytinn bíll. „Þetta er tilvalinn borgarbíll

sem mengar lítið. Hann er jafnframt okkar ódýrasti kostur og kostar beinskíptur 1.790.000 krónur. Suzuki Splash er í áþekkum stærðarflokki og kostar 2.250.000 krónur en auk þess höfum við alltaf selt mikið af Suzuki Swift sem er nettur og fæst ýmist fram- eða fjórhjóladrifinn. Hann kostar 2.380.000 krónur.“ Þorbergur segir von á nýjum Suzuki Swift innan tíðar. „Hann verður örlítið lengri og búinn enn þá sparneytnari vél.“

Suzuki SX4 flokkast sem millistærðar fólkabíll og getur ýmist verið fram- eða sídrifinn. Það er auk þess ívið hærra undir hann en flesta fólkabíla. Nýjasti bíllinn er síðan Suzuki Kizashi. „Þetta er einn með öllu ef svo má segja og tilheyrir stærri fólkabílaflokknum. Þarna

erum við að tala um bíl sem kostar nálægt sex milljónum króna og er eftirspurn eftir bílum á því verði minni nú en áður.“

Þorbergur segir alltaf mikla eftirspurn eftir jeppum enda séu þeir nauðsynlegir á Íslandi ekki síst á landsbyggðinni. „Suzuki Jimny er duglegur og sterkur tvennra dyra jeppi sem við seljum alltaf eitthvað af en auk þess hefur Grand Vitara notið mikilla vinsælda. Hann er væntanlegur með stærri vél með vorinu. Þetta er afskaplega vel búinn bíll með bæði háu og lágu drifi, sem á ekki endilega við um alla millistærðarjeppa.“ Ekki sakar að geta þess að Suzuki Swift og Suzuki Grand Vitara hafa verið mest seldu bílarnir á Íslandi í sínum flokki síðustu 48 mánuðina.

Kia stefnir í fremstu röð

Þrátt fyrir almenna efnahagsniðursveiflu í heiminum hefur Kia átt mikilli velgengni að fagna í Evrópu á undanförunum mánuðum.

Þessi velgengni byggist fyrst og fremst á gæðaframleiðslu og flottri hönnun. Þá spilar einnig inn í framúrskarandi öryggi og hversu umhverfisvænir Kia bílarnir eru. Síðast en ekki síst býður Kia lengsta ábyrgð allra bílaframleiðenda í heiminum í dag eða 7 ára ábyrgð. Allir þessir þættir hafa gert það að verkum að Kia hefur slegið í gegn hjá evrópskum bílakaupendum og annar bílaframleiðandinn vart eftirspurn.

SJÖ ÁRA ÁBYRGÐ KIA

„Kia er sá bílaframleiðandi sem býr við hvað hraðastan vöxt í heiminum í dag. Sala á Kia bifreiðum hérlandis hefur farið fram úr björtustu

vonum og sjö ára ábyrgðin hefur vissulega haft afar jákvæð áhrif á sölnu. Kia er eini bílaframleiðandinn sem býður svona langa ábyrgð, en hún nær til allra nýrra Kia bíla,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, en fyrirtækið er umboðsaðili Kia á Íslandi.

VIÐBURÐARÍKIR TÍMAR HJÁ KIA

Jón Trausti bendir á að viðburðaríkir tímar séu nú hjá Kia en þrír nýir og spennandi bílar eru væntanlegir á árinu, Picanto, Rio og Optima. „Þeir bætast við öflugan bílaflota Kia en fyrir eru Sorento, Sportage og cee'd sem allir hafa slegið í gegn vítt og breytt um heiminn. Kia hefur einnig framleitt nýjan Optima hybrid-bíl sem verður frumsýndur á bílasýningunni í Genf sem nú er að hefjast. „Umhverfisvernd skipar hán sess hjá Kia og nýi Optima bíllinn undirstrikar það,“ segir Jón Trausti.

NÝTT OG GLÆSILEGT ÚTLIT KIA BÍLA

Nýtt og glæsilegt útlit Kia bílanna hefur vakið mikla eftirtekt og Jón Trausti segir að það hafi auðvitað mikil áhrif á gott

gengi bílanna. „Yfirhönnuður Kia er Þjóðverjinn Peter Schreyer en hann hefur skapað útlit Kia bílanna og hefur tekist mjög vel til. Schreyer var áður hönnuður hjá VW-samsteypunni og hannaði meðal annars nýju Bjölluna. Handbragð Schreyers leynir sér ekki á nýju bílunum Picanto, Rio og Optima. Hið sama má segja um Sorento, Sportage og cee'd sem þykja mjög fallega hannaðir. Þarna blandast saman faguð en jafnframt djörf hönnun og útkoman er mjög flott,“ segir Jón Trausti.

HÁAR EINKUNNIR FYRIR ÖRYGGI

Kia bílarnir hafa fengið mjög háar einkunnir í árekstraprófun hinna virtu evrópsku öryggisstofnunar, EuroNCAP. Nú síðast fékk Sportage sportjeppinn fimm stjörnur hjá EuroNCP, eða hæstu einkunn, og var metinn öruggasti bíllinn í sínum flokki.

„Niðurstöður nýjustu prófana EuroNCAP leiða í ljós þá sterku viðleitni Kia að tryggja að bílar, sem fyrirtækið framleiðir, séu framúrskarandi öruggir. Hönnuðir Kia leggja sig fram við að hanna bíla sem auðvelda ökumanni að forðast hættur í umferðinni. Það gera þeir með því að skapa gott útsýni úr bílnum og með því að útbúa bílana með aflmiklu hémakerfi og miklu veggripi í akstri,“ segir Jón Trausti.



„Kia er sá bílaframleiðandi sem býr við hvað hraðastan vöxt í heiminum í dag,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju.





7 ára ábyrgð
á öllum nýjum KIA bílum

NÝR SORENTO

7 manna jeppi sem **eyðir aðeins 7,4 lítrum!**



Lúxuspakki
á frábæru verði fylgir
7 manna útgáfunni

- Leðurinnrétting
 - Dráttarveisli
 - Vetrardekk
 - Hleðslujafnari
 - Fjarlægðarskynjarar
- Aðeins 490.000 kr.**

Kia Sorento er glæsilegur jeppi sem á eftir að koma þér á óvart. Rúmgóður og ríkulega búinn, öflugur, með frábæra aksturseiginleika og á ótrúlegu verði.

- Ný 197 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 7,4 lítrum á hundraðið
- Sex þrepa sjálfskipting
- Einstakir aksturseiginleikar
- Útblástur með því minnsta sem þekktist í sambærilegum bílum
- Allir nýir bílar frá Kia eru í 7 ára ábyrgð

Kia Sorento, sjálfskiptur, dísil 197 hö.
Verð frá 6.790.000 kr.

Til afgreiðslu strax!





CAPTIVA



Verð:
 Captiva LT - 2,0 L - dísel - sjálfskiptur 5.540.000
 Captiva LT - 2,0 L - dísel - leður - 7 sæta - sjálfskiptur 5.990.000

CRUZE



Verð:
 Cruze LS - 1,8 L - beinskiptur 2.990.000
 Cruze LT - 1,8 L - beinskiptur 3.190.000
 Cruze LT - 1,8 L - sjálfskiptur 3.590.000
 Cruze LT LUX* - 1,8 L - sjálfskiptur 3.990.000
 Cruze LT - 2,0 L - dísel - beinskiptur 3.590.000
 Cruze LT - 2,0 L - dísel - sjálfskiptur 3.990.000

SPARK



Verð
 Spark L - 1,0 L 1.695.000
 Spark LS - 1,2 L 1.895.000

AVEO



Verð:
 Aveo LS - 5 dyra - 1,4 L - beinskiptur 2.295.000
 Aveo LS - 1,4 L - sjálfskiptur 2.495.000



„Við leysum hvers manns vanda þegar bílar eru annars vegar,“ segir Benedikt Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Bílabúðar Benna, sem hér stendur við Camaro SS.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Floti af nýjungum á afmælisári Chevrolet

Bílabúð Benna er rótgróið bílaumboð og hélt upp á 35 ára afmæli sitt í fyrra. Fyrirtækið hefur verið með umboð fyrir Chevrolet á Íslandi frá árinu 2004.

„Chevrolet er 100 ára á þessu ári. Chevrolet merkið er teiknað eftir slaufu og því þótti vel við hæfi að skíra afmælisárið, Ár slaufunnar,“ segir Benedikt Eyjólfsson, framkvæmdastjóri hjá Bílabúð Benna. „Ár slaufunnar, afmælisár Chevrolet, byrjar vel hjá okkur og við finnum vel fyrir því að fleiri og fleiri Íslendingar eru að uppgötva Chevrolet-gæðin, enda hefur verðið líka komið fólki skemmtilega á óvart.“

Fyrirtækið ætlar að fagna afmælisárinu með viðskiptavinum sínum á ýmsa vegu og bjóða upp á fjölbreyttar sýningar og tilboð allt árið.

„Síðasta uppkoma Bílabúðar Benna var sérlega vel heppn-

aður spurningaleikur í Kringlunni, nú í febrúar, undir heitinu, Veistu Chevrolet-svarið. Gestir Kringlunnar gátu skoðað Chevrolet Spark og svarað léttum spurningum um Chevrolet á Íslandi í leiðinni. Þetta vakti mikla lukku, verðlaun í boði og þúsundir tóku þátt.“

Benedikt segir að Chevrolet fyrirtækið hafi á síðustu árum lagt gríðarlega fjármuni í nýsköpunar- og þróunarstarf, sem nú sé að skila sér á öllum sviðum framleiðslunnar. Nú standi Chevrolet, sem aldrei fyrr, fyrir gegnheilt öryggi, glæsilega hönnun og framúrskarandi tækni.

„Velgengi Chevrolet á heimsvísu hefur heldur ekki látið á sér standa og birtist meðal annars í ótal verðlaunum og viðurkenningum fagaðila í bílabrasanum sem og frábærum viðtökum neytenda á kröfuhörðustu mörkuðum heims, þar sem Chevrolet hefur slegið hvert sölumetið á fætur öðru.“

Hann segir að Chevrolet leggi

allt kapp á að gera afmælisárið sem glæsilegast, þar sem hver frumsýningin reki aðra.

„Það má segja að Chevrolet sé að tefla fram heilum flota af nýjungum á afmælisárinu, því áður en árið er liðið munu sjö nýir Chevrolet bílar, hafa liðið dagsins ljós: Chevrolet Orlando, nýr Captiva, nýr Aveo, Cruze hlaðbakur, ný Corvetta Grand Sport, nýr Camaro og síðast en ekki síst Chevrolet Volt. Chevrolet Spark kom nýr í fyrra og hefur verið á mikilli siglingu um allan heim.“

Íslenskir neytendur eiga því bara von á góðu frá Chevrolet og Bílabúð Benna, sem ætlar að nýta 35 ára reynslu sína við að þjónusta viðskiptavini sem allra best. „Við leysum hvers manns vanda þegar bílar eru annars vegar. Við lítum á okkur sem sérfræðinga í bílum og getum því staðhæft að Chevrolet séu einhver skynsamlegustu bílakaup sem hægt er að gera í dag,“ segir Benedikt Eyjólfsson hjá Bílabúð Benna.

Rafmagnaður Volt

Sérfræðingar Motor Trend sæmdu byltingarkennda rafmagnsbílinn, Chevrolet Volt, titlinum „2011 Motor Trend Car of the Year“.

Þessi árlega útnefning er almennt talin sú virðulegasta í bílaíðnaðinum og er enn ein sönnun þess að nýir tímar eru í uppsiglingu hjá Chevrolet og bílamarkaðnum í heild sinni.

Benedikt segir að Voltinn sé bíll sem kennir fólki að nota rafmagnsbíla. „Þú hleður hann heima hjá þér og þeir þurfa aldrei að verða orkulausir vegna þess að í Chevrolet Volt er rafmagnshleðslumótur sem gengur fyrir bensíni. Voltinn er eini rafbíllinn sem býður upp á þessa lausn og því mjög spennandi valkostur í framtíðinni.“



Ár slaufunnar



CHEVROLET

100 ára



Kristín B. Sigurjónsdóttir - Bílabúð Benna / Notaðir bílar

Björn Ingi Jóhannsson - Bílabúð Benna / Þjónustumiðstöð

Jón Kr. Stefánsson - Bílabúð Benna / Nýir bílar



Tákn um öryggi í 100 ár!

Sagan um Chevrolet merkið, öryggismálin og slaufuna

Chevrolet er 100 ára á þessu ári. Chevrolet merkið, eitt frægasta vörumerki heims, er teiknað með slaufuna sem fyrirmynd. Til er skemmtileg saga frá fyrstu starfsárum Chevrolet sem segir að merkið hafi upphaflega verið hannað sem hluti af herferð um öryggi á vinnustað.

Herferðin kom til vegna þess að samkvæmt tísku þess tíma gengu allir starfsmenn með bindi í vinnunni. Reynslan sýndi fljótt að flaksandi bindi geta verið hættuleg innan um stórvirkar vélar. Í herferðinni voru starfsmenn hvattir til að skipta bindunum út fyrir slaufur.

Hún heppnaðist fullkomlega, slaufan varð allsráðandi og vinnuslysum snarfækkaði.

Þetta segir sína sögu um áherslur Chevrolet og því hömpum við slaufunni á aldarafmælinu og köllum það Ár slaufunnar; Chevrolet slaufan er tákn um öryggi í 100 ár.



Nýr Passat frumsýndur í mars



Forskot góðra hugmynda

Þegar þú prófar nýjan Passat þá finnur þú strax forskotið sem felst í góðum hugmyndum.

Komdu núna, prófaðu og finndu muninn!



Das Auto.

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Marinó B. Björnsson, vörustjóri hjá Heklu, við splunkunýjan og eðalfloktan Volkswagen Passat.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sportlegur í hæsta klassa

Nýr og gjörbreyttur Passat er kominn til landsins, með sláandi flottri hönnun, aðbúnaði og aksturseginnleikum.

„Við kynnum nýjan Volkswagen Passat nú í mars, fyrstu eintök- in eru þegar komin til landsins og nú þegar liggja fyrir fjölmargar pantanir,“ segir Marinó B. Björnsson vörustjóri Volkswagen-bifreiða hjá Heklu um ómótstæðilega hönnun nýs Passats sem kunnugir munu upplifa sem glænýjan í flesta staði.

„Þetta er nýr og gjörbreyttur bíll, með algjörlega endurhönnuðum fram- og afturenda, breytingum á mælaborði og innréttingu, og í boði er ný sjö þrepa DSG-sjálfskipting, en bíllinn er ríkulega útbúinn,“ segir Marinó um nýja Passatinn sem er fánlegur í fólksbílaútgáfu, en einnig sem Passat Variant, sem er sérlega rúmgóður og stór skutbíll.

„Nýr Passat er orðinn afar hagstæður fyrir budduna eftir að vörugjöld breyttust um áramót því útblástur hans er í lágmarki. Þá er hann einstaklega sparneytinn og hægt að keyra dísilbíl niður í 5 lítra á hundraði, en sambærileg eyðsla bensínbíls er 7 til 9 lítrar,“ segir Marinó sem þekkir vel kosti VW Passats.

„Passat er stóri fjölskyldufólksbíll Volkswagen, stærri en Golf og Jetta, og sannkallaður háklassabíll búinn fullkomnasta öryggisbúnaði sem völ er á. Íslendingar hafa tekið ástfóstri við Passat, enda reynslan ákaflega góð í þægilegum og plássmiklum bíl, auk þess sem hann er konfekt fyrir augað. Með nýrri nálgun í hönnun er hann orðinn sportlegri með miklu og fallegu krómi, en Volkswagen leitast nú við að færa framútlit bíla sinna í sama stíl,“ segir Marinó og útskýrir að ávallt sé mikill viðburður þegar Volkswagen bíla-

framleiðandinn breyti ásýnd bíla sinna.

„Útlitinu breyta þeir á fimm til tíu ára fresti og það er alltaf tilhlökkunarefni. Auk breytts Passats fáum við nú splunkunýtt útlit á fólksbíla VW Sharan og VW Touran, ásamt andlitslyftingu á jepplinginn Tiqan. Polo kom með nýju útliti í fyrra, sló algjörlega í gegn og var valinn bíll ársins í Evrópu 2010, enda frábær kostur. Með dísilvél kostar hann aðeins 2,3 milljónir, gefinn upp fyrir 3,8 lítra eyðslu,“ segir Marinó.

Hægt er að sérpanta Volkswagen Passat eftir óskum hvers og eins, en þá tekur átta vikur að fá hann til landsins.

„Passat er fánlegur með allskyns aukahlutum, eins og sérstöku hljóðkerfi og sérhönnuðum barnasætum, í hvaða lit sem er og innréttingu að eigin vali, en slíkar sérpantanir eru afar vinsælar og alltaf að aukast.“

Metan er kostur númer eitt

„Metanknúinn Volkswagen Passat kom fyrst í fyrra og hlaut afar góðar viðtökur, og nú er hægt að fá metanútgáfu með nýja boddínu. Bíllinn gengur þá bæði fyrir bensíni og metangasi, sem er mikill kostur því þá er hægt að keyra hann hvert á land sem er og hamlar engum hversu fáar metanstöðvarnar eru enn,“ segir Marinó B. Björnsson, vörustjóri VW-bíla hjá Heklu.

„Passat metan hefur langdrægni upp á 920 kílómetra, þar af 480 á metangasi og 440 á bensíni. Bensín tekur sjálfkrafa við um leið og metangas klárast, auk þess sem alltaf er hægt að nýta bíllinn sem bensínbíl eingöngu“ segir Marinó.

„Spara má stórfé ef skipt er yfir í metangas því lítri af því kostar um 114 krónur og auðvelt að sjá hversu mikið sparast í eldsneytiskostnaði. Þá ber hann lægri skatta en sambærilegir bílar sökum lítillar mengunar og greiddast aðeins 5.000 krónur tvisvar á ári í bifreiðaskatt,“ segir Marinó sem í sínu starfi finnur vel þörf bíleigenda á að ná niður kostnaði.



Hér má sjá glænýjan Passat skutbíl sem gengur einnig fyrir metangasi. Fjölmargir metanknúir bílar eru á leið til landsins enda landsmenn að verða æ meðvitaðri um hagkvæmni þess að eiga metanbíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Markaðurinn nú leitar fyrst og fremst hagkvæmni því eldsneyti er óheyrilega dýrt og metanbíl því tvímælalaust besti kosturinn. Þá sparast auk þess milljón krónur ef valinn er metanbíl í stað bifreiðar sem gengur fyrir hefðbundnum orkugjafa. Hann er því miklu ódýrari í upphafi og sparar stórfé í eldsneyti.“

Auk Passats fást Touran-fólks-

bíll og Caddy-sendibíll metanknúinn.

„Frammistaða metanbíls er alveg jafn góð enda er þetta nákvæmlega sami bíllinn með sömu 150 hestafla vélina, en hann gengur bæði fyrir bensíni og gasi. Eldsneytistankarnar taka það mikið eldsneyti, að það tryggir bílnum mjög góða langdrægni í akstri,“ segir Marinó.



Toyota Prius er kjörinn borgarbill. Orkan sem verður til við hemlun breytist í rafmagn og með því sparast bensínið.



Lexus CT 200h verður kynntur hér á landi 12. mars.

Bæði knúnir bensíni og rafmagni

Á tímum umhverfisvitundar og síhækkandi verðs á eldsneyti er gott að til eru bílar með lítinn útblástur sem eyða innan við fimm lítrum á hundraðið í innanbæjarakstri. Toyota sér um það.

„Aðaláherslan hjá Toyota um þessar mundir er á hina svokölluðu tvinnbílum sem bæði eru knúnir bensíni og rafmagni. Toyota Prius er leiðtoginn í þeirri þróun, hann kom fyrst á markað 1997 og hefur rækilega sannað gildi sitt því þriðja kynslóð hans er komin á götuna,“ segir Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota. Hann segir Toyota og Lexus hafa selt þrjár milljónir slíkra bíla víða um heim og að hér á landi hafi milli 500 og 600 slíkir bílar selst. Reynslan sé góð. „Orkan sem verður til þegar bremsað er breytist í rafmagn sem bíllinn nýtir sér þegar tekið er af stað og sparar þannig eldsneytið,“ lýsir



hann. Mæling á bensíneyðslu sem var gerð á Toyota Prius tvinnbíl í innanbæjarakstri sýndi eyðslu upp á 4,47 lítra á hundraðið. Þá var tankurinn fylltur og miðbæjarrúnturinn ekinn aftur og aftur þar til bensínið klárðist. Alls voru keyrðir rúmlega 1000 kílómetrar með tvo fullorðna um borð og miðstöð og útvarp á. Stoppað var 2.300 sinnum og tekið jafnoft af stað. Niður Laugavegin var lekið hljóðlaust á rafmagninu þannig að ekkert var mengað þar sem fjöldinn var mestur af gangandi fólki.

Toyota Auris er annar bíllinn frá Toyota með þessari útfærslu að sögn Páls sem segir Toyota hafa boðað að fyrir árið 2020 verði



Páll Þorsteinsson upplýsingafulltrúi Toyota



Lexus CT 200h er fyrsti lúxustvinnbíllinn í sínum stærðarflokki.

hægt að kaupa allar gerðir Toyota bæði sem bensínbíl og tvinnbíl.

Lexus kynnr nýjan lúxustvinnbíl hér á landi 12. mars næstkomandi. Það er Lexus CT 200h. „Þessi bíll er hannaður sérstaklega fyrir kaupendur í Evrópu til að svara aukinni eftirspurn eftir umhverfisvænum lúxusbílum,“ segir Páll. Hann segir þetta fyrsta lúxustvinnbíllinn í sínum stærðarflokki og vera ætlaðan þeim sem vilja minnka rekstrarkostnað og

útblástur án þess að slá af gæðakröfum. „Þetta er sportlegur bíll og sérlega fallegur á götu,“ fullyrðir hann.

Toyota Prius, sem hægt er að stinga í samband við rafmagn, er væntanlegur á markað í náinni framtíð, að sögn Páls og verður með stærri rafgeymi en sá sem nú er á götunni. Honum verður hægt að aka um 20 kílómetra á rafmagni á allt að 100 kílómetra hraða og við hönnun hans er tekið

tillit til þess að um 80% daglegra ferða borgarbúa eru innan við 20 km samtals. „Þetta verður til þess að borgarfolk getur keyrt næstum allt á rafmagni, að því tilskyldu að hægt sé að hlaða bílana við vinnustaði, verslanir og víðar auk þess sem honum má stinga í samband við heimilisinnstungur,“ segir Páll. „Eftir sem áður verður hann búinn bensínvél og með alla eiginleika venjulegs bíls og hentar því ekki bara til borgaraksturs.“

Ástandsskoðun á bremsum

Toyota býður ástandsskoðun á bremsum nú í mars, Toyotaeigendum að kostnaðarlausu, hjá viðurkenndum þjónustuaðilum fyrirtækisins um allt land. Einnig er í boði 20% afsláttur af bremsudiskum, bremsuklossum og bremsuborðum hjá sömu aðilum.

„Við viljum koma til móts við þá bíleigendur sem sinna viðhaldi bifreiða sinna vel og þess vegna bjóðum við nú upp á ástandsskoðun á hemlum, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.“ segir Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins



Á verkstæðum Toyota er tekið vel á móti bíleigendum.

NIÐURSTÖÐUR ÚR ÞOLAKSTRI Á PRIUS:

Eknið km:	1.052
Aksturstími í klukkustundum:	55
Meðaleyðsla á 100 km:	4,47
Menn um borð:	2
Stoppað:	2.300 sinnum

Bensínlokið innsiglað af Ólafi Guðmundssyni áður en haldið var af stað í þolaksturinn.





Liðið á ástralska bílnum sem kallaður er Trev var kátt þegar það kom í mark í Genf í síðastliðinni viku.

Heimsreiðu á rafbílum lokið

Heimsreiðu þriggja umhverfisvænna farartækja lauk í Genf í Sviss á dögunum. Kepninn gekk undir nafninu ZERO Race og var studd af Sameinuðu þjóðunum til að kynna umhverfisvæna orku.

Farartækin þrjú voru ástralskur bíll á þremur hjólum, bifhjól frá Þýskalandi og yfirbyggt mót-orhjól frá Sviss. Lagt var af stað frá Genf 16. ágúst á síðasta ári og var stefnan sett á að komast hringinn um heiminn á áttatíu dögum. Það markmið náðist, en farartækin voru á ferðinni í áttatíu daga en með sjóferðum og hvíldardögum tók ferðin 188 daga í allt. Farin var 27 þúsund kílómetra leið í gegnum 16 lönd og 150 stórar borgir. Þeirra á meðal stórborgir á borð við Berlín, Kiev, Moskvu, Sjanghæ, Vancouver, San Fransisco, San Antonio, Cancun, Barcelona en ferðin endaði eins og áður sagði í Genf.

Helstu erfiðleikarnir sem ökumennirnir glímdu við var að hlaða farartækin á afskekktum stöðum en fjöldi sjálfboðaliða skiptist á að aka tækjunum.

Ferðin var skipulögð af Louis Plamer, brautryðjanda í hagnýtingu sólarorku. Hann vakti mikla athygli fyrir tveimur árum þegar hann fór um heiminn í 18 mánuði á leigubíl sem notaði sólarorku.

Nánar um ferðina á www.zero-race.com



● **ORKUSETUR.IS** Á vef Orkuseturs www.orkusetur.is er að finna upplýsingar um skilvirka orkunotkun og möguleika til orkusparnaðar. Á síðunni er hægt að bera saman ólíkar tegundir bíla, hvað kostar að reka þær í ár með tilliti til bensín-eyðslu og bifreiðagjalds. Á síðunni má finna út hvað bílferðin til Akureyrar eða víðar kostar. Þar má reikna út kolefnisútbástur mismunandi bifreiða, fá góð ráð varðandi viðhald og aksturslag og margt fleira.

● **FRUMSÝNINGAR Í GENF** Alþjóðlega bílasýningin í Genf í Sviss verður haldin í 81. sinn dagana 3. til 13. mars. Sýningin var fyrst haldin árið 1905. Í gegnum tíðina hefur þar litið dagsins ljós meirihluti farartækja heimsins en frumsýningar eru aðalmerki sýningarinnar. Litið er á sýninguna sem samræðugrundvöll bílaframleiðenda heims enda þykir það kostur að Svisslendingar hafa varla nokkurn bílaiðnað sjálfir. Vefsíða sýningarinnar er á www.salon-auto.ch



Frá bílasýningunni í Genf í fyrra.


Óumdeilanlegir yfirburðir

Fréttablaðið er með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Enn eru yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir. Það sést greinilega á lestrartölum milli ára. Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli.

Við hlustum á raddir lesenda og erum lífandi vettvangur fyrir skoðanskripti.

Þess vegna les fólk frekar Fréttablaðið.



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í ágúst til október 2010.

Allt sem þú þarft...

